

## AUGLÝSING

### um afturköllun á staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sbr. auglýsingu nr. 256/1994.

Með vísan til niðurstöðu endurtekinnar atkvæðagreiðslu um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sem fram fór hinn 8. apríl 1995, tilkynnir félagsmálaráðuneytið að það hefur hinn 18. apríl 1995 afturkallað staðfestingu á sameiningu sveitarfélaganna tveggja í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 256/1994.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal fara með stjórn Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar uns sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna hafa verið kjörnar, sbr. ákvæði 4.-8. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Kosningar til sveitarstjórna í Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ skulu fara fram innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar þessarar. Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal ákveða kjördag (kjördaga) fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal semja kjörskrár fyrir Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ í samræmi við ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 19/1994, og V. kafla laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal kjósa tvær kjörstjórnir fyrir hvort sveitarfélagið fyrir sig samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að sjá um framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna. Að öðru leyti fer um þær kosningar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, og ákvæðum laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1995.*

**Rannveig Guðmundsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*